

Lamictal og hormónagetnaðarvarnir

Það er töluvert samspil milli Lamictal og hormónagetnaðarvarna, aðallega samsettra estrógen lyfja, en einnig þeirra sem eingöngu innihalda prógesterón.

Hormónar í getnaðarvörnum kvenna flýta verulega niðurbroti Lamictal í lifrinni. Oft tvöfaldast niðurbrotshraðinn. Þetta getur þýtt að konur sem taka getnaðarvarnarpillur, fá sprautur eða hafa ígræddan staf þurfa að taka hærri skammta af Lamictal en ella til þess að halda sama styrk í blóði og þeim áhrifum sem óskað er. Sama getur gilt um styrk hormónagetnaðarvarna í blóði þegar Lamictal bætist við, að hann lækki og áhrifin með. Þrátt fyrir þetta er upptröppunin í byrjun eins. Þegar hormónagetnaðarvarnir eru teknar með hléum, t.d. í þrjár af hverjum fjórum vikum, getur það valdið sveiflum, styrkur Lamictal í blóði tvöfaldast gjarnan þessa einu viku.

Þetta gildir í reynd ekki um hormónalykkju eða hring, þar sem afar lítið af þeim hormónum fer út í blóðrásina.

HORMÓNAHLÉ

Oftast ráðleggjum við konum að hafa sem fæst hlé á hormónagetnaðarvörnum þegar þær taka Lamictal. Flestar konur geta tekið pilluna lengi án hlés. Taka þá vikuhlé þegar þær fá milliblæðingar og fá þá fullar tíðir, eða, ef milliblæðingar koma ekki, taka þá hlé 1-2 sinnum á ári.

Önnur leið er að skipta í aðrar gerðir, t.d. staf, lykkju, hring eða forðasprautu.

Þegar gert er hormónahlé er gott að minnka Lamictal skammtinn um helming þá daga sem getnaðarvörnin er ekki tekin.

BARNEIGNIR

Lamictal getur mögulega valdið fósturskaða ef það er tekið á fyrsta þriðjungi meðgöngu, en flestar rannsóknir benda þó sterkt til þess að sú áhætta, ef hún er til staðar, sé afar lág. Lyfið er talið öruggt á öðrum og þriðja þriðjungi meðgöngu. Ef móðir tekur Lamictal á meðan á brjóstagjöf stendur er rétt að fylgjast með barninu og tryggja að það fái ekki aukaverkanir af lyfinu.

Talaðu við okkur ef þú verður ófrísk eða áætlað að verða það svo við getum gefið þér ráð sem henta þér.

Hafðu samband

583 3500
info@permentis.is
permentis.is

Per mentis slf.
Síðumúla 23
108 Reykjavík



LAMICTAL (LAMOTRIGINE)

Tilgangur þessa bæklinga er að miðla upplýsingum og svara spurningum um meðferð með Lamictal. Lyfið er mikið notað í ýmsum tilgangi, en hafa þarf vissa hluti í huga við notkun þess.

Bæklingur þessi er skrifaður af Kristófer Sigurðssyni geðlækni og ætlaður til nota sem viðbót við greiningu, ráðgjöf og meðferð heilbrigðisstarfsfólks. Hann er ekki tæmandi, heldur stiklar hann á stóru og svarar, að okkar dómi, algengustu spurningunum um lyfið.

Síðast uppfært 3. september 2026

UM LYFIÐ

Lamictal er upphaflega flogaveikilyf. Virkni þess í geðsjúkdómum er talin tengjast hamningu á spennustýrðum natríum jónagöngum og tilheyrandi minnkun á útlosun á glútamati. Lyfið er mikið notað sem þunglyndislyf, mest í geðhvarfasýki og persónuleikaröskunum, en stundum einnig í meðferðarþráu þunglyndi. Lyfið nýtist oft sem jafnvægislyf við tilfinningasveiflum í ADHD og einhverfu, persónuleikaröskunum og skyldum einkennum.

UPPTRÖPPUN

Venjulegt skema:

- Víkur 1-2: 25 mg á dag
- Víkur 3-4: 50 mg á dag
- Víka 5: 100 mg á dag
- Eftir að viku 5 lýkur: 200 mg á dag

Hægara skema:

- Víkur 1-2: 25 mg annan hvorn dag
- Víkur 3-4: 25 mg á dag
- Víka 5: 50 mg á dag
- Eftir að viku 5 lýkur: 100 mg á dag

Afar mikilvægt er að trappa Lamictal ekki hraðar upp en læknir ráðleggur.

MOLAR

Almennt koma áhrif eftir tvær vikur á virkum skammti. Stundum koma þau þó fyrr.

Fyrir flesta gefa lægri skammtar en 100 mg lítil ef nokkur áhrif. Það gildir þó ekki um alla.

Sumir fá ógleði og/eða þreytu af Lamictal. Oftast hjálpar þá að taka lyfið að kvöldi.

Töflurnar bráðna í munninum og hafa sætt ávaxtabragð.

Það má taka lyfið að kvöldi eða morgni. Í stærri skömmtum getur verið betra að dreifa.

Hætta má á lyfinu án niðurtröppunar, ef það er notað við geðröskunum. Það gildir hins vegar ekki ef það er tekið við flogaveiki.

Lamictal getur gefið hita, eitla stækkanir, flensueinkenni og/eða hálsbólgueinkenni.

Ef slík einkenni koma, einkum við upptröppun, þarf að hafa í huga að þau gætu stafað af sýkingu eða af Lamictal. Í þeim tilfellum er rétt að hafa lágan þröskuld fyrir því að fara til læknis til skoðunar.

HÚÐÚTBROT

Lamictal er vel þekkt fyrir að valda saklausum húðútbrotum. Því miður er einnig þekkt að það getur valdið húðbreytingum (Stevens-Johnson heilkenni) sem geta í versta falli orðið lífshættulegar. Um er að ræða yfirdrifin viðbrögð þar sem ónæmiskerfið ræðst á húð og slímhúðir. Einkennin geta verið útbrot, blöðrur eða flögnun húðar, sár í munni eða augum, hiti og flensueinkenni. Það er afar sjaldgæft að Lamictal valdi þessu. Engu að síður er mikilvægt, með hliðsjón af mögulegum alvarleika ástandsins, að vera á varðbergi. Ef vart verður útbrot sem ekki hafa komið áður skal láta lækni skoða þau sama dag og ekki skal taka meira Lamictal fyrr en læknir gefur grænt ljós á það.

EF GLEYMIST AÐ TAKA LYFIÐ

Ef gleymist að taka lyfið í örfáa daga er í lagi að byrja aftur á sínum venjulega skammti. Ef gleymist að taka lyfið í fimm sólarhringa þarf hins vegar að byrja upptröppun upp á nýtt, eins og þegar fyrst er byrjað á lyfinu.